

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þráðlausan fjarskiptabúnað, nr. 944/2019.

#### 1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2380 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á tilskipun 2014/53/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2023, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 35, 25. apríl 2024, bls. 84.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 33.gr., sbr. 107. gr. laga um fjarskipti, nr. 70/2022 og öðlast þegar gildi.

*Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. júlí 2024.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

*Ásdís Halla Bragadóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 1. ágúst 2024